



Svanurinn.is

## Fréttabréf Svansins

September 2012

### Nýtt leyfi—Prentmet Suðurlands

Prentsmiðjan Prentmet Suðurlands er nýjasta fyrirtækið og áttunda prentsmiðjan á Íslandi til að hljóta Svansvottun. Prentsmiðjan er ein þriggja prentsmiðja Prentmets á Íslandi, eru hinar staðsettar í Reykjavík og á Akranesi. Prentmet í Reykjavík fékk Svansvottun árið 2011 og Svansvottun fyrir prentsmiðjuna á Akranesi er á næsta leiti. Sannarlega jákvæð þróun og óskum við Prentmeti Suðurlands innilega til hamingju með árangurinn.

### Staða leyfa og ráðstefna Svansins

21 íslenskt fyrirtæki hafa nú fengið umhverfsvottun Svansins og um 15 umsóknir eru í vinnslu. Búast má við fleiri vottunum á næstu vikum og mánuðum og gaman að segja frá því að nýjir þjónustuflokkar munu að öllum líkindum bætast við.

Ráðstefna fyrir leyfishafa og umsækjendur um Svansleyfi verður haldin í nóvember. Endanleg dagsetning og dagskrá ráðstefnunnar munu berast síðar.

### Kynningarmál—Ágætis byrjun—Svanurinn í Fréttablaðinu

Kynningarverkefnið *Ágætis byrjun* en enn í fullum gangi, en markmið verkefnisins er að kynna Svaninn fyrir verðandi og nýbökkuðum foreldrum með dreifingu taupoka sem innihalda fræðslubækling um Svaninn og vöruprúfur af Svansmerktum vörum fyrir móður og barn. Verkefnið hefur gengið vonum fram og þökkum við þeim aðilum sem komið hafa að dreifingu kærlega fyrir. Fæðingardeildir hafa séð um dreifingu pokanna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu hafa ýmsir aðilar sem leiðbeina við hreyfingu og heilbrigði á meðgöngu komið að dreifingu þeirra. Velkomið er að sækja taupoka í afgreiðslu Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24.

Næstkomandi miðvikudag, þann 26. september mun Fréttablaðið gefa út aukablað um Svansmerkið. Þarna er um kærkomið tækifæri að ræða til að vekja athygli á starfsemi Svansmerktra fyrirtækja. Áhugasömum er bent á Elsu Jensdóttur hjá Fréttablaðinu, elsaj@365.is

Að lokum má nefna að ný heimasíða fyrir Svaninn er í vinnslu og mun líta dagsins ljós á næstu vikum. Aukinn kraftur hefur verið settur í Svaninn á Fésbókinni og við hvetjum ykkur öll til fylgjast með, líka við hann og deila með vinum. Ábendingar um efni eru vel þegnar.

**Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu**



Svanurinn.is

## Vistvæn innkaup ríkisins

Núverandi stefna ríkisins um vistvæn innkaup rennur sitt skeið í lok ársins og því hefur verið mikill kraftur í innleiðingarferlinu það sem af er ári. Ráðuneyti hafa boðað sínar undirstofnanir á kynningarfundi og vinnustofur þar sem hugtakið vistvæn innkaup er kynnt fyrir innkaupastarfsmönnum stofnana. Í kjölfar fyrsta fundar er stofnunum gert að koma á fót teymi sem leiðir innleiðingu vistvænna innkaupa. Teymið ber ábyrgð á að framkvæmt verði einfalt grænt bókhald fyrir starfsemi viðkomandi stofnunar. Niðurstöður græns bókhalds stofnana verður svo tekið saman í lok árs. Eitt af því sem lögð er rík áhersla á í innleiðingu vistvænna innkaupa er að stofnanir temji sér að velja Svaninn eða vörur með öðrum viðurkenndum umhverfismerkjum. Stefnan verður endurskoðuð í lok ársins en með tilliti til aukinnar umræðu um fýsileika græns hagkerfis verður spennandi að sjá hverjar áherslar nýrrar stefnu verða. Áhugasömum um vistvæn innkaup er bent á vefinn [www.vinn.is](http://www.vinn.is) en þar má finna aragrúa af gagnlegum og skemmtilegum upplýsingum.

## Gjaldskrá Svansins

Eins og tilkynnt var um fyrr á árinu var ný Gjaldskrá Svansins var gefin út í janúar 2012. Í henni voru tvær greinar sem varða sölu á Svansmerktum vörum á öllum Norðurlöndunum og sameiginlega skráningu og gjaldtöku. Orðalag í þessum greinum var óskýrt og var gjaldskráin leiðrétt þar sem þessar tvær greinar voru felldar út. Núgildandi gjaldskrá var því gefin út 6. júní sl. en engar frekari breytingar voru gerðar. Gjaldskráin er aðgengileg á [heimasíðu Svansins](#). Nánari upplýsingar gefur Anna Sigurveig.

## Viðmið fyrir hótél og veitingahús

Tilkynnt hefur verið að ný viðmið fyrir hótél og veitingahús munu fara í opið umsagnarferli í nóvember. Núgildandi viðmið hafa verið framlengd til 31. október 2014. Upplýsingar um viðmiðin og ferlið verða auglýstar í nánar þegar þar að kemur.

## Starfsmenn Svansins

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir ([anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is)) og Elva Raket Jónsdóttir ([elva@umhverfisstofnun.is](mailto:elva@umhverfisstofnun.is)) starfa á sviði Svansins. Anne Maria Sparf er í fæðingarorlofi. Fyrir almennar fyrirspurnir bendum við á [svanurinn@umhverfisstofnun.is](mailto:svanurinn@umhverfisstofnun.is).

**Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu**